

**REGLUGERÐ**

um breyting á reglugerð nr. 93 22. apríl 1960, um iðnfræðslu.

1. gr.

Í stað „600 krónur“ í upphafi 1. málsg. 46. gr. komi: 800 krónur.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt 30. gr. laga um iðnfræðslu, nr. 46 25. maí 1949, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarmálaráðuneytið, 3. október 1963.*

**Emil Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

15. október.

Nr. 180.

**REGLUR**

um greiðslur til opinberra starfsmanna fyrir ferðakostnað o. fl.  
í innanlandsferðum.

1. gr.

**Fæðis- og gistipeningar.**

Opinberir starfsmenn fá endurgreiddan fæðis- og gistikostnað, er þeir eru í ferðalögum í þágu starfs síns. Kostnaðurinn greiðist eftir reikningi, sem úrskurðast af forstöðumanni viðkomandi stofnunar, enda fylgi fullnægjandi frumgögn, svo sem gistihúsareikningar, kvittanir frá matarfélögum o. þ. h. Ef kostnaðurinn er að einhverju leyti óeðlilega eða óþarflega hár að dómi ríkisendurskoðunarinnar, er starfsmaður skyldur að greiða það, sem um of er eytt. Ríkisendurskoðuninni er skylt að krefjast fullnægjandi reikninga yfir kostnaðinn.

Þegar erfitt er að fá reikninga um fæðis- og gistikostnað, má greiða dagpeninga að fjárhæð kr. 325.00.

Sé verið heima um nætur, en hálfur vinnudagur eða meira unninn svo langt frá heimili, að starfsmaður þarf að kaupa sér fæði utan heimilis, enda sé ekki um fastan vinnustað að ræða, skal greiða fæðiskostnað eftir reikningi, enda fylgi fullnægjandi frumgögn.

2. gr.

**Fargjöld.**

Opinberir starfsmenn fá endurgreidd fargjöld, er þeir eru í ferðalögum í þágu starfs síns. Kostnaðurinn greiðist eftir reikningi, enda fylgi fullnægjandi frumgögn (fargjaldskvittanir). Ef kostnaðurinn er að einhverju leyti óeðlilega eða óþarflega hár að dómi ríkisendurskoðunarinnar, er starfsmaður skyldur að greiða það, sem um of er eytt.

## 3. gr.

**Greiðsla fyrir afnot einkabíla.**

Þegar hagkvæmt þykir að semja við opinberan starfsmann um notkun einkabíls hans í sambandi við starf hans, skal gera þar um skriflegan samning við ráðuneyti það, er viðkomandi stofnun heyrir undir, enda samþykki fjármálaráðuneytið samningsgerðina. Samningurinn sé gerður til eins árs, og gengur þá úr gildi, ef hann er ekki endurnýjaður. Í samningnum skal ákveða heildarfjárhæð þóknunar fyrir afnot bílsins og jafnframt tiltaka áætlaða aksturslengd, ef unnt er. Ef ástæða er til að ákveða ekki heildarfjárhæð þóknunar fyrir fram, má í samningi gera ráð fyrir reikningsskilum eftir á samkvæmt raunverulegri aksturslengd. Tillögu að samningi skal forstöðumaður leggja fyrir viðkomandi ráðuneyti eigi síðar en 1. febrúar ár hvert, enda sé samningsgerð lokið, ef úr verður, eigi síðar en 1. marz. Þó getur fjármálaráðuneytið leyft undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstaklega stendur á.

## 4. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi, en jafnframt falla úr gildi reglur nr. 83 30. júní 1956, svo og önnur eldri ákvæði, er brjóta kunna í bága við þessar reglur.

*Fjármálaráðuneytið, 15. október 1963.*

F. h. r.

**Sigtr. Klemenzson.**

*Ólafur Stefánsson.*

Nr. 181.

12. júní.

**AUGLÝSING**

um útgáfu nýs 1000 króna bankaseðils samkvæmt lögum um Seðlabanka Íslands.

Seðlabanki Íslands hefur samkvæmt lögum nr. 10 frá 29. marz 1961 gefið út nýjan 1000 króna seðil með svofelldri gerð:

Seðillinn er að öllu leyti eins og áður útgefinn 1000 króna seðill, sem auglýstur var í Lögbirtingablaðinu 7. maí 1960, að undanskildum eftirtöldum breytingum:

**Á framhlið:**

Efst á framhlið fyrir miðju kemur Seðlabanki Íslands í stað Landsbanki Íslands, Seðlabankinn.

Seðillinn er gefinn út samkvæmt lögum nr. 10 29. marz 1961.

Eiginhandarundirskriftir bankastjóra Seðlabankans, Jóns G. Mariássonar, Vilhjálm Þór og Jóhannesar Nordal, eru prentaðar til skiptis á seðlana, þannig að tvær undirskriftir koma á hvern seðil.

Fyrir framan bæði númer hvers seðils eru stafirnir EA með upphafsstöfum.

**Á bakhlið:**

Merki Seðlabanka Íslands kemur í vinstra horn neðan til í stað merkis Landsbanka Íslands, Seðlabankans.